

Nd.

460. Frumvarp til laga

[208. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 3. mars.)

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 9. tl. og orðist svo:

9. Helming tekna samkvæmt 1. tl. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—6. tl. þessa stafliðar, sem maður hefur aflað á síðustu tólf starfsmánuðum sínum, áður en hann lætur af störfum vegna aldurs.

Menn, sem náð hafa 60 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði á tekjuárinu, skulu á framtölum sínum tilgreina hvenær þeir telji sig láta af störfum vegna aldurs og skal frádráttur skv. 1. mgr. þessa tl. við það miðaður, enda kemur þessi frádráttur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.

2. gr.

1. másl. 2. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Í stað frádráttar samkvæmt D- og E-liðum 1. mgr. þessarar greinar má að vali manns draga 10% af tekjum skv. 1. tl. A-liðs 7. gr. þegar frá þeim hafa verið dregnir þeir liðir sem um ræðir í 1.—6. og 9. tl. A-liðs 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

7. tl. 1. mgr. 66. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1983 af tekjum ársins 1982.